

**Nd.**

**649. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands,  
18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir með leyningum kosningum.

A. 32 þingmenn skulu kosnir með óhlutbundnum kosningum, og þeir eða sá kosinn, sem flest fær atkvæði, í þessum kjördæmum:

**Tvímenningskjördæmi:**

Skagafjarðarsýsla,  
Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður,  
Norður-Múlasýsla,  
Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður,  
Rangárvallasýsla,  
Árnessýsla.

**Einmenningskjördæmi:**

Hafnarfjarðarkaupstaður,  
Gullbringu- og Kjósarsýsla,  
Borgarfjarðarsýsla,  
Mýrasýsla,

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,  
Dalasýsla,  
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla,  
Vestur-Ísafjarðarsýsla,  
Ísafjarðarkaupstaður,  
Norður-Ísafjarðarsýsla,  
Strandasýsla,  
Vestur-Húnavatnssýsla,  
Austur-Húnavatnssýsla,  
Akureyrarkaupstaður,  
Suður-Þingeyjarsýsla,  
Norður-Þingeyjarsýsla,  
Seyðisfjarðarkaupstaður,  
Austur-Skaftafellssýsla,  
Vestur-Skaftafellssýsla,  
Vestmannaeyjar.

Ákveða má með lögum að skipta tvímenningskjördæmi i einmenningskjördæmi.

Deyi þingmaður, kosinn i þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann i hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- B. 8 þingmenn skulu kosnir með hlutbundnum kosningum i Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis.

Ef þingmaður Reykjavíkur deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur sæti varþingmaður hans, það sem eftir er kjörtímans.

- C. Ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þá þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmalaflokkanna i þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum. Um úthlutun þingsætanna skal miða við samanlagða kjósendatölu stjórnmalaflokkanna við kosningarnar i hlutfalli við tölu kosinna þingmanna i þeim kjördæmum. Varamaður landskjörins þingmanns tekur sæti eftir sömu reglu og gildir um varamenn Reykjavíkurbíngmanna.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

## 2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist i tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti i efri deild, en tveir þriðju hlutar i neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga i deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti i neðri deild.

Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu þingmenn þá, sem sæti eiga i efri deild, úr flokki þingmanna i byrjun fyrsta þings á kjörtímabilinu. Hinir eiga sæti i neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.